

Guðrún Halla Gunnarsdóttir
Skipulagsstofnun



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100001/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015 vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli Borgarbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 30.desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015 vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli, Borgarbyggð.

Svæðið sem breytingartillagan nær til er á skálasvæði við Geitland. Áformáð er að vera með móttöku ferðamanna í ísgöngum og íshellum sem að hluta hafa nú þegar verið grafin í vestanverðan Langjökul rétt norðan Geitlandsjökuls í u.þ.b. 1260 m hæð yfir sjó. Aðkoma að göngunum er um núverandi veg sem liggur af Kaldadalsvegi að jökulröndinni við Geitlandsskála og áfram um aðkomubelti á ísnum frá jökulrönd upp að ísgöngunum.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að aðkoma að Langjökli um veg 51 liggur um friðlýst svæði Geitland. Geitland í Borgarfirði var friðlýst árið 1988, er 12,281,7 ha að stærð og segir svo í auglýsingum um friðlýsinguna:

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar.
2. Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins næstu 10 árin a. m. k.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.
4. Öllum er heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Eins og fram kemur í auglýsingunni er allt jarðrask og öll mannvirkjagerð óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar.

Umhverfisþættir

Umhverfisstofnun tekur undir þá þætti sem fjallað verður um í umhverfismati svæðisskipulagstillögunnar. Stofnunin tekur sérstaklega undir það að fjalla á um meðhöndlun efna og úrgangs vegna móttöku ferðamanna í ísgöngunum og umferð um jökulinn, sem kann að hafa áhrif á vatnsgæði. Umhverfisstofnun bendir á að umgengni á svæðinu við skálann Jaka hefur ekki alltaf verið til fyrirmynnar á liðnum árum. Stofnunin telur mikilvægt að tekið verði á umgengnismálum við Jaka og eftirlit sé með því að olía og glussi leki ekki frá tækjum í jarðveginn. Einnig telur stofnunin að fjalla þurfi um landnotkun hvað varðar akstur utan vega enda er öll umferð ökutækja utan vega óheimil og gildir það einnig um þegar bílum er lagt. Umhverfisstofnun ítrekar að allar framkvæmdir á friðlandinu Geitlandi eru háðar leyfi frá Umhverfisstofnun þar með taldar framkvæmdir vegna bílastæða.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. B. Guttormsdóttir
Abalbjörg B Guttermisdóttir
Teymisstjóri